# Námsáætlun 2. og 3. bekkur 2024-2025

Námsgreinarnar íslenska, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði eru að mestu kenndar í samþættum þemaverkefnum.

Áhersla er lögð á grunnþætti menntunar; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.

Mikið er lagt upp úr yndislestri nemenda sem og upplestri í skólanum og heima. Lestur er tengdur inn í alla vinnu nemenda. Jákvæður agi litar samvinnu og samskipti nemenda og eru þemaverkefnin stundum tengd við bekkjarfundi þar sem ýmislegt tengt t.d. lýðræði, mannréttindum og jafnrétti er rætt. Við skil á verkefnum eru aðferðir fjölbreyttar og skapandi og fá verkefni nemenda að njóta sín á veggjum í námsumhverfinu. Heilbrigði og velferð nemenda er höfð að leiðarljósi í allri vinnu. Í stærðfræði er lögð áhersla á tungumál stærðfræðinnar og samvinnu nemenda við lausn verkefna. Unnið er í Sprota og Stærðfræðispæjurum auk þemaverkefna. Aðgengi að námsgögnum er gott og mikið lagt upp úr því að hver og einn finni sínar leiðir til náms.

Námsmat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn með fjölbreyttum hætti.

| **Tímabil** | **Þema og námsefni** | **Námsgreinar og markmið** |
|---|---|---|
| ágúst - september | **Árstíðir og veður**<br><br>*Halló heimur*<br>Kafli 1: Árstíðir og veður<br><br>*Sproti 2a*<br>Kafli 3: Tölfræði<br><br>Sproti 3a<br>Kafli 1: Upplýsingar og tölfræði | **Stærðfræði 2.b.**<br>• Þekkir árstíðirnar.<br>• Þekkir mánuðina og röð þeirra.<br>• Þekkir vikudagana og röð þeirra.<br>• Getur skráð í og lesið úr súluritum.<br><br>**Stærðfræði 3.b.**<br>• Þekkir árstíðirnar og röð þeirra.<br>• Þekkir mánuðina og röð þeirra.<br>• Þekkir vikudagana og röð þeirra.<br>• Getur skráð í og lesið úr tíðnitöflum og súluritum.<br>• Getur gert einfaldar kannanir og birt niðurstöður í myndriti.<br><br>**Íslenska 2. og 3. bekkur**<br>• Talar skýrt og áheyrilega.<br>• Getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum á fjölbreyttan hátt.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |
| september | **Samfélagið okkar -skólinn**<br><br>*Skólasöngurinn* | **Náttúru- og samfélagsgreinar**<br>• Hefur kynnst sögu skólans frá upphafi.<br>• Hefur kynnst atburðum og persónum á völdum tímum. sem tengjast skólasamfélaginu.<br>• Áttar sig á að hann er hluti af stærra samhengi. |

| | | |
|---|---|---|
| | Upplýsingar um sögu skólans af heimasíðu skólans og úr bókinni *Saga Húsavíkur á*samt bókinni *Húsavík, bærinn minn* eftir Einar Georg Einarsson | • Getur sett sig inn í málefni skólasamfélags.<br><br>**Íslenska 2. og 3. bekkur**<br>• Skrifar skýrt og læsilega.<br>• Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |
| október | **Samfélagið mitt- fjölskyldan**<br><br>*Fjölskyldan mín*<br>höf: Ásta Rún Valgerðardóttir og Lára Garðardóttir.<br><br>*Halló heimur*<br>Kafli 9: Fjölskyldan<br><br>*Iðnir krakkar*<br>höf: Sigrún Eldjárn | **Náttúru- og samfélagsgreinar**<br>• Áttar sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.<br>• Getur sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.<br>• Áttar sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.<br><br>**Íslenska 2. og 3. bekkur**<br>• Getur unnið með samsett orð.<br>• Getur unnið með nafnorð.<br>• Getur unnið með hugtökin persóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur.<br><br>**Íslenska 3. bekkur**<br>Getur unnið með eintölu og fleirtölu nafnorða.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |
| október | **Tölur**<br><br>*Sproti 2a*<br>Kafli 1: Tölurnar 0-20<br>Kafli 2: Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20.<br><br>*Sproti 3a*<br>Kafli 2: Þriggja stafa tölur | **Stærðfræði 2. bekkur**<br>• Þekkir talnarunur og nágrannatölur.<br>• Getur skrifað tölurnar 0-100.<br>• Getur lesið tölurnar 0-100.<br>• Getur raðað tölum í stærðarröð á bilinu 0-100.<br><br>**Stærðfræði 3. bekkur**<br>• Þekkir talnarunur og nágrannatölur.<br>Getur talið fram og aftur 0-100. |
| nóvember | **Rúmfræði, form og umferðin**<br><br>*Stuð á stærðfræðisýningu* | **Stærðfræði 2. bekkur**<br>• Getur flokkað algengustu tvívíðu formin.<br>• Getur speglað um speglunarás. |

| | | |
|---|---|---|
| | *Halló heimur*<br>Kafli 5: umferðin<br><br>*Stærðfræðispæjarar*<br>Rúmfræði, form<br><br>*Sproti 2b*<br>Kafli 8: Samhverfa<br>Kafli 13: Marghyrningar og hringir<br><br>*Sproti 3a*<br>Kafli 5: Rúmfræði – form í þrívídd<br>Kafli 8: Samhverfa og speglun | **Stærðfræði 3. bekkur**<br>• Þekkir algengustu tvívíðu og þrívíðu formin.<br>• Getur speglað og fundið samhverfuás.<br><br>**Íslenska 2. bekkur**<br>• Getur samið texta frá eigin brjósti.<br><br>**Íslenska 3. bekkur**<br>• Getur notað upphaf, meginmál og niðurlag í ritun.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |
| desember | **Jólin**<br><br><br>Jólalagið<br>*Jól alla daga*<br><br>*Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum*<br><br>*Regnboginn, jólin* | **Náttúru- og samfélagsgreinar**<br>• Hefur kynnst merkingu og siðum aðventunnar.<br>• Hefur kynnst sögunni um fæðingu Jesúbarnsins.<br><br>**Íslenska 2. og 3. bekkur**<br>• Getur unnið með sagnorð.<br>• Getur unnið með samsett orð.<br><br>**Íslenska 2. bekkur**<br>• Getur unnið með stafrófsröð.<br>• Þekkir rím og getur notað það í leikjum.<br><br>**Íslenska 3. bekkur**<br>• Getur raðað orðum í stafrófsröð.<br>• Þekkir uppbyggingu í orða í málsgreinum og notar stóra stafi og punkta við gerð þeirra.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |
| desember | **Reikningur**<br><br><br>*Sproti 2a*<br>Kafli 5: Tölur upp í 100<br><br>*Sproti 3b* | **Stærðfræði 2 og 3. bekkur:**<br>• Vinnur með öðrum.<br>• Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn.<br>• Getur lagt saman tveggja stafa tölur.<br><br>**Stærðfræði 2. bekkur**<br>• Getur fundið týndan þátt í samlagningu. |

| | | |
|---|---|---|
| | Kafli 11: Samlagning og frádráttur | • Þekkir hugtökin eining, tugur og hundrað og getur unnið með þau.<br>• Getur dregið frá tveggja stafa tölur.<br>• Getur talið fram og aftur 0-100.<br>• Getur talið frá mismunandi upphafi.<br><br>**Stærðfræði 3. bekkur**<br>• Getur fundið týndan þátt í samlagningu og frádrætti.<br>• Þekkir hugtökin eining, tugur, hundrað, þúsund og getur unnið með þau.<br>• Getur lagt saman með því að geyma.<br>• Getur dregið frá með því að taka til láns.<br>• Getur skrifað tölurnar 0-1000.<br>• Getur lesið tölurnar 0-1000. |
| janúar – febrúar | **Húsdýr og gæludýr**<br><br>*Blómin á þakinu*<br><br>*Halló heimur*<br>Kafli 4: Húsdýr og gæludýr<br><br>*Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera* | **Náttúru- og samfélagsgreinar**<br>• Hefur tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.<br>• Hefur kynnst helstu dýrategundum sem finna má á Íslandi og muninum á villtum dýrum, húsdýrum og gæludýrum.<br>• Hefur kynnst muninum á náttúru og manngerðu umhverfi.<br><br>**Íslenska 2. bekkur**<br>• Getur unnið með sérhljóða og samhljóða.<br><br>**Íslenska 3. bekkur**<br>• Þekkir muninn á sérhljóðum og samhljóðum.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |
| janúar – febrúar | **Fjölbreytt stærðfræði**<br><br>*Sproti 2b*<br>Kafli 11: Flatarmál<br><br>*Sproti 3a*<br>Kafli 6: Margföldun 1<br>Kafli 7: Deiling<br><br>*Sproti 3b*<br>Kafli 12: Rúmfræði - horn | **Stærðfræði 2. bekkur**<br>• Getur tvöfaldað og helmingað tölur.<br>• Getur talið frá mismunandi upphafi.<br>• Gerir endurtekin mynstur.<br>• Getur fundið flatarmál með því að telja reiti.<br><br>**Stærðfræði 3. bekkur**<br>• Kann að skipta/deila jafnt á milli.<br>• Getur talið frá mismunandi upphafi.<br>• Hefur kynnst margföldunartöflunni og unnið með hana. |

| | | |
|---|---|---|
| | | • Getur gert endurtekin mynstur.<br>• Getur fundið flatarmál með því að telja reiti.<br>• Þekkir rétt, hvöss og gleið horn. |
| febrúar – mars | **Tilfinningar**<br><br>*Safnið mitt*<br><br>*Tilfinninga Blær* | **Náttúru- og samfélagsgreinar**<br>• Áttar sig á og getur lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |
| febrúar – mars | **Reikningur 2**<br><br>*Sproti 2b*<br>Kafli 9: Tvöfalt meira og helmingi minna – sléttar tölur og oddatölur<br>Kafli 10: Reikningur með tölum upp í 100.<br><br>*Sproti 3b*<br>Kafli 13: Almenn brot<br>Kafli 14: Margföldun 2<br>Kafli 15: Reikningur | **Stærðfræði 2 og 3. bekkur:**<br>• Vinnur með öðrum.<br>• Nýtir sér viðeigandi hjálpargögn.<br>• Getur lagt saman tveggja stafa tölur.<br><br>**Stærðfræði 2. bekkur**<br>• Getur fundið týndan þátt í samlagningu.<br>• Þekkir hugtökin eining, tugur og hundrað og getur unnið með þau.<br>• Getur dregið frá tveggja stafa tölur.<br>• Getur talið fram og aftur 0-100.<br>• Getur talið frá mismunandi upphafi.<br><br>**Stærðfræði 3. bekkur**<br>• Þekkir almennu brotin 1/2, 1/3, 1/4 og 1/5<br>• Kann að skipta/deila jafnt á milli.<br>• Hefur kynnst margföldunartöflunni og unnið með hana. |
| mars | **Klukkan**<br><br>*Sproti 2a*<br>Kafli 7: Tími<br><br>*Sproti 3a*<br>Kafli 4: Tími<br><br>*Ýmsar klukkubækur* | **Stærfræði 2. bekkur**<br>• Þekkir heilu og hálfu tímana á skífuklukku.<br><br>**Stærðfræði 3. bekkur**<br>• Þekkir heilu og hálfu tímana á skífuklukku.<br>• Kann á klukku.<br><br>**Íslenska 3. bekkur**<br>• Beitir reglunni um tvöfaldan samhljóða.<br><br>**Grunnþættir menntunar**<br>• Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. |

<table>
<tr><td>mars</td><td>Páskar<br><br>Regnboginn, páskar</td><td>Náttúru- og samfélagsgreinar<ul><li>Hefur kynnst atburðum dymbilviku og páska.</li><li>Hefur kynnst sögunni um krossfestingu og upprisu Jesú.</li></ul>Íslenska<ul><li>Upprifjun á ýmsum markmiðum sem búið er að vinna með áður.</li></ul>Grunnþættir menntunar<ul><li>Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.</li></ul></td></tr>
<tr><td>apríl</td><td>Mælingar<br><br>Kafli 4: Mælingar<br><br>Sproti 2a<br>Kafli 4: Lengdarmælingar<br><br>Sproti 3a<br>Kafli 3: Mælingar</td><td>Íslenska 2. og 3. bekkur.<ul><li>Getur unnið með samheiti og andheiti.</li></ul>Stærðfræði 2. bekkur<ul><li>Getur mælt með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum.</li></ul>Stærðfræði 3. bekkur<ul><li>Getur mælt með stöðluðum mælingum s.s. metrastiku, reglustiku og málbandi.</li><li>Þekkir m og cm.</li></ul>Grunnþættir menntunar<ul><li>Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.</li></ul></td></tr>
<tr><td>apríl</td><td>Hvalir<br><br>Ýmsar fræðibækur og fróðleikstextar um hvali</td><td>Íslenska 2. bekkur<ul><li>Dregur rétt til stafs.</li><li>Skrifar skýrt og læsilega.</li></ul>Íslenska 3. bekkur<ul><li>Dregur rétt til stafs.</li><li>Skrifar skýrt og læsilega.</li><li>Notar bil á milli orða.</li><li>Beitir reglunni um ritun n/nn í enda orða.</li></ul>Grunnþættir menntunar<ul><li>Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.</li></ul></td></tr>
<tr><td>apríl – maí</td><td>Ritun og stafsetning</td><td>Íslenska 2. bekkur<ul><li>Getur samið texta frá eigin brjósti.</li></ul></td></tr>
</table>

<table>
<tr><td></td><td><br><br>Fjölbreytt ritunarverkefni</td><td><ul><li>Notar há- og lágstafi á réttan hátt í ritun.</li></ul>Íslenska 3. bekkur<ul><li>Beitir reglunni um einfaldan og tvöfaldan samhljóða.</li><li>Getur notað upphaf, meginmál og niðurlag í ritun.</li><li>Þekkir uppbyggingu orða í málsgreinum og notar stóra stafi og punkta við gerð þeirra.</li></ul>Grunnþættir menntunar<ul><li>Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.</li></ul></td></tr>
<tr><td>apríl – maí</td><td>Tölfræði og hnitakerfi<br><br>Stærðfræðispæjarar<br>Sproti<br>Aukaefni frá kennara</td><td>Stærðfræði 2. bekkur<ul><li>Getur skráð í og lesið úr súluritum.</li><li>Getur safnað og flokkað eftir eiginleikum.</li></ul>Stærðfræði 3. bekkur<ul><li>Getur skráð í og lesið úr tíðnitöflum og súluritum.</li><li>Getur gert einfaldar kannanir og birt niðurstöður í myndriti.</li></ul></td></tr>
<tr><td>maí – júní</td><td>Umhverfið okkar – umgengni<br><br>Halló heimur<br>Kafli 6: Umhverfið okkar</td><td>Náttúru- og samfélagsgreinar<ul><li>Hefur kynnst samspili manns og náttúru.</li><li>Hefur kynnst flokkun úrgangs.</li><li>Hefur kynnst gildi náttúru og umverfis og mikilvægi góðrar umgengni.</li></ul>Stærðfæði 2. bekkur<ul><li>Getur safnað og flokkað eftir eiginleikum (ruslaflokkun).</li></ul>Grunnþættir menntunar<ul><li>Áhersla lögð á læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun.</li></ul></td></tr>
<tr><td>allt skólaárið</td><td>Skimanir<br>2. bekkur:<ul><li>Lesmál (lesskilningur)</li><li>Lesfimi (lestrarhraði)</li><li>Læsi</li><li>20 orðin (stafsetning)</li></ul>3. bekkur:<ul><li>Lesfimi (lestrarhraði)</li></ul></td><td>Íslenska 2. bekkur:<ul><li>Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim.</li><li>Les skýrt og áheyrilega.</li><li>Getur valið sér bækur eftir áhuga og skoðað þær eða lesið sér til ánægju og fróðleiks.</li></ul>Íslenska 3. bekkur:<ul><li>Getur fylgst með umræðum og tekið þátt í þeim.</li><li>Les skýrt og áheyrilega.</li></ul></td></tr>
</table>

| | | |
|---|---|---|
| | • Orðarún (lesskilningur)<br>• 20 orðin (stafsetning)<br>• Lesskimun | • Getur valið sér bækur eftir áhuga og lesið sér til ánægju og fróðleiks.<br><br>**Stærðfræði 2. bekkur:**<br>• Ræðir um stærðfræði og útskýrir lausnaleiðir.<br>• Leysir einföld dæmi með hugarreikningi.<br><br>**Stærðfræði 3. bekkur:**<br>• Ræðir um stærðfræði og útskýrir lausnaleiðir.<br>• Leysir dæmi með hugarreikningi. |

Enska er kennd annars vegar í hringekju þar sem 2. og 3. bekkur er saman í einföldum leikjum, hlustun og verkefnum og hins vegar í bóklegum kennslustundum hjá 3. bekk.

| **Tímabil** | **Þemu og námsefni** | **Markmið** |
|---|---|---|
| allt skólaárið | Þemu<br>• líkaminn<br>• tölur<br>• fjölskyldan<br>• dýr<br>• litir<br>• líkaminn<br>• fatnaður<br>• ávextir<br><br>Námsefni:<br>Unnið er með bækurnar Yes we can, efni útbúið af kennara, leiki, Kahoot, áhorf, hlustun, söng og fleiri fjölbreytt verkefni. | **Enska 2. bekkur**<br>• Hefur unnið með hugtök tengd líkamanum.<br>• Hefur unnið með tölurnar upp í 20, tugi og hundruð.<br>• Hefur unnið með fjölskylduheiti.<br>• Hefur unnið með hugtök um dýr.<br>• Hefur unnið með litina.<br><br>**Enska 3. bekkur**<br>• Hefur unnið með hugtök tengt líkamanum.<br>• Hefur unnið með hugtök um fatnað.<br>• Hefur unnið með tölurnar upp í 20, tugi og hundruð.<br>• Hefur unnið með fjölskylduheiti.<br>• Hefur unnið með hugtök um dýr.<br>• Hefur unnið með hugtök um ávexti.<br>• Hefur unnið með litina. |

Áætlun þessi er birt með fyrirvara um að val námsbóka/gæðatexta getur breyst yfir skólaárið ef til þess kemur að nýtt og spennandi námsefni, tengt viðfangsefnum ársins, kemur út.